

## AUGLÝSING

### um byggingariðnaðargjald.

Samkvæmt ákvæðum 53. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og fyrirmæli í samræmi við þau ákvæði, skal við tollafgreiðslu greiða sérstakt ½% aðflutningsgjald af tollverði neðangreindra vara, og rennur gjald þetta til greiðslu kostnaðar við starfsemi Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins:

Tollskrár-  
númer

25.23.00 Portlandsement, alúminatsement, slaggsement og annað hydrólískt sement, einnig litað eða sem sementsgjall.

44.01.00—  
44.08.00 }  
44.13.11— } Trjáviður í þessum tollskrárnúmerum.  
44.17.00 }

73.10.19 }  
73.10.21 } Steypustyrktarjárn.  
73.10.22 }

Byggingariðnaðargjaldið skal innheimt af framangreindum vörum, sem mótteknar eru til tollmeðferðar 1. júlí 1965 og eftir það.

*Fjármálaráðuneytið, 30. júní 1965.*

**Sigtr. Klemenzson.**

Björn Hermannsson.

18. júní 1965.

Nr. 138.

## AUGLÝSING

### um umferðartakmarkanir í Ísafjarðarkaupstað.

Samkvæmt gerðum samþykktum bæjarstjórnar Ísafjarðar og ákvörðun lögreglustjóra, samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga frá 2. maí 1958, eru þessar umferðartakmarkanir í gildi:

Aðalbrautir:

1. Fjarðarstræti. Biðskylda er við allar götur, sem liggja að því, nema Sólögötu, en þar er stöðvunarskylda.
2. Aðalstræti, frá Batahöfn að Silfurtorgi. Biðskylda er við Sundstræti, þar sem það liggur að því.
3. Hafnarstræti. Biðskylda er við allar götur, sem liggja að því, nema Austurveg, Pólögötu, Mjallargötu, Sólögötu og Túngötu, en þar er stöðvunarskylda.
4. Seljalandsvegur. Stöðvunarskylda er við Urðarveg, Engjaveg, Múlaveg og Tungudalsveg.
5. Urðarvegur: Stöðvunarskylda er við Seljalandsveg.
6. Hlíðarvegur. Stöðvunarskylda er við Seljalandsveg—Hafnarstræti.